

Fimmtudaginn 20. nóvember 1986.

Nr. 187/1985. **Sigurður Ingi Svavarsson**  
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
 gegn  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
 (Gunnlaugur Claessen hrl.)

Opinberir starfsmenn. Frávíkingur úr starfi. Skaðabætur.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1985. Dómkröfur áfrýjanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.000.000,00 króna með ársvöxtum sem hér segir: 34% frá 9. mars 1982 til 1. nóvember 1982, 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október 1983, 32% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 1. september 1984, 17% frá þeim degi til stefnubirtingardags 26. október 1984, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% frá þeim degi til 21. ágúst 1985, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi og síðan með dómvöxtum til greiðsludags. Einnig er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfisbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 22. ágúst 1985.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum áfrýjanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að tvær ástæður hafi verið til þess, að áfrýjanda var vikið úr starfi við vinnuhælið á Litla Hrauni, fyrst um stundarsakir 14. apríl 1981, en að fullu 9. mars árið eftir. Hin fyrri er sú, að hann hafi komið því til leiðar, að

kostnaður við 13 einkasímtöl hans hafi verið færður hælinu til gjalda. Af bréfum þeim, sem nefnd voru, verður ekki ráðið að þetta atriði hafi skipt máli varðandi stöðumissinn.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi misnotað síma vinnuhælisins í eigin þágu með því að fjarlægja læsingu og breyta símalínunum og hringja þannig margsinnis sjálfvirk langlínu-samtöl, sem honum voru óheimil, úr símatæki á varðstofu vinnuhælisins á kostnað þess. Opinbert mál var höfðað gegn áfrýjanda vegna þessa, en í því var hann sýknaður. Ekki verður talið að nægar sannanir séu komnar fram fyrir því að áfrýjandi hafi misnotað síma vinnuhælisins með þessum hætti.

Stöðumissirinn, sem mál þetta snýst um, var því óréttmætur, og ber stefnda að greiða áfrýjanda bætur samkvæmt 11. gr. 3. mgr. laga nr. 38/1954. Þykja þær hæfilega metnar 100.000,00 krónur.

Vaxtakröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti þykir eftir málf lutningnum ekki eiga að skilja sem breytingu á kröfum hans í héraði. Þeirri kröfugerð, þar á meðal um upphafstíma vaxta, er ekki andmælt. Verða vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir þeir sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur.

Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Sigurði Inga Svavarssyni, 100.000,00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 34% frá 9. mars 1982 til 1. nóvember s.á., 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 1. september s.á., 17% frá

þeim degi til 26. október s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað í héraði. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðsson hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1985.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málf lutningi 20. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 26. október 1984 af Sigurði Inga Svavarssyni, nnr. 7906-4440, iðnverkamanni, Hátúni 6, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði bætur vegna óréttmætrar brottvikningar úr starfi að fjárhæð kr. 1.000.000,00 með 34% ársvöxtum frá 9. mars 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þ.d. til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þ.d. til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., 17% ársvöxtum frá þ.d. til 26. október s.á., en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu bóta vegna þess að honum hafi verið vikið úr stöðu fangavarðar að Litla-Hrauni, sem hann hafi verið skipaður til að gegna, án sakar. Hann hafi fyrst hafið þar störf sem matsveinn vorið 1974, en verið ráðinn fangavörður árið 1975 og skipaður fangavörður með bréfi útgefnu af dómsmálaráðherra 2. mars 1978. Hann hafi verið settur varðstjóri í veikindaförföllum Steins Einarssonar varðstjóra frá 1. nóvember 1980 til 1. júní 1981 og gegnt því starfi þar til hann hafi verið leystur frá störfum um stundarsakir með bréfi dómsmálaráðuneytis dags. 14. apríl 1981 í framhaldi af kæru tveggja fangavarda um að hann hafi misnotað sima vinnuhælisins. Ráðuneytið hafi ákveðið að óska eftir opin-

berri rannsókn varðandi þetta meinta misferli og hafi hann verið leystur frá störfum meðan rannsókn málsins færi fram. Í framhaldi af lögreglu-rannsókninni hafi verið gefin út ákæra á hendur honum „fyrir að hafa, í fyrrgreindu starfi sínu, í febrúar og marsmánuði 1981, misnotað síma vinnuhælisins í eigin þágu með því að fjarlægja læsingu og breyta símalín-um og hringja þannig margsinnis sjálfvirk langlínusamtöl, sem honum voru óheimil, úr símtæki á varðstofu hælisins og á kostnað þess.“

Að lokinni dómsrannsókn hafi dómur gengið í sakadómi Árnassýslu hinn 26. febrúar 1982, þar sem stefnandi hafi verið fundinn sekur um brot á 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hafi hlotið þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þessu hafi stefnandi ekki viljað una og áfrýjað dómnum til Hæstaréttar sem hafi með dómi uppkveðnum 11. maí 1983 sýknað stefnanda af kröfum ákærvaldsins og fellt á ríkissjóð sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hafi stefnanda verið vikið endanlega úr starfi í mars 1982 og hafi hann ekki notið launa síðan, en hálfum launum hafi hann haldið þangað til. Eftir sýknudóm Hæstaréttar hafi hann sóst eftir að fá starf hjá ríkinu að nýju og lögmaður hans hafi farið fram á að hann fengi launatapið frá 14. apríl 1981 greitt, en öllu slíku hafi verið synjað.

Stefnandi haldi því fram að þar sem hann hafi með dómi Hæstaréttar verið sýknaður af þeim sökum sem á hann hafi verið bornar, þá beri að líta svo á að honum hafi án sakar verið vikið úr stöðu sem hann hafi verið skipaður í, og því eigi hann rétt á að bera mál sitt undir dómstóla og fá bætur fyrir óréttmæta frávikningu. Skilyrði þess að honum yrði vikið úr starfi sé að fram komi full sönnun fyrir misferli í starfi sem réttlætt gæti brottvikningu. Að dómi Hæstaréttar hafi slík sönnun ekki verið fyrir hendi. Lagarök stefnanda séu í 11. gr. og 4. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi bendir á að brottvikning hans hafi verið ólögmæt af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi hafi ekki verið formlega rétt að henni staðið og í öðru lagi hafi hann ekki gerst sekur um misferli. Um hið fyrra segir stefnandi að í 7. gr. laganna sé kveðið á um áminningu sem beita beri, en það hafi ekki verið gert, heldur hafi stefnanda verið vikið umsvifalaust. Dómar Hæstaréttar hafi byggt á þessari reglu um formlega ágalla á uppsögn, t.d. 1972 á bls. 920 og 1981 á bls. 834.

Auk hins formlega ágalla hafi brottvikningin verið ólögmæt þar sem hann hafi ekki verið sekur um ávirðingar. Hæstiréttur hafi í dómi sínum slegið þessu föstu, og réttarverkanir dómsins séu þær að stefnandi sé saklaus af öllum ávirðingum. Sönnunarbyrði hvíli á stefnda um hið gagnstæða og allur vafi sé stefnanda í hag að þessu leyti. Þegar héraðsdómurinn sé

skoðaður, en þar hafi stefnandi verið sakfelldur, sé ljóst að sönnunarfærsla hans hafi verið óeðlileg og vafasöm, enda hafi henni verið hnekk í Hæstarétti. Héraðsdómurinn hafi byggst á því að einhver hafi losað skráfur í lásnum, skrefafjöldi hafi aukist, skrefafjöldi pantaðra símtala sé jafn, og ályktað af þessu að aukning hafi orðið á langlínusamtölum fram hjá lás. En slík ályktun sé ekki rétt, aðrir þættir geti þar komið inn, t.d. aukning á símtölum innan svæðisins. Vitnum beri ekki saman og í ljós sé leitt að helsta vitnið, Sigurjón Einarsson, hafi samkvæmt framlögðu læknisvottorði haft minnkandi sjón og heyrnargetu á þessum tíma.

Stefndi reisir sýknuröfu sína á því að frávikning stefnanda að fullu úr stöðu fangavarðar hafi í hvívetna verið lögmæt og réttmæt. Stefndi vísar alfarið á bug þeim málatilbúnaði stefnanda að réttaráhrif sýknudóms Hæstaréttar af broti gegn 139. gr. alm. hgl. séu þau að stefnandi eigi bótarétt vegna frávikningarinnar.

Stefndi mótmælir sem of seint fram kominni við munnlegan málflytning málsástæðu stefnanda byggðri á formgalla brottvikningar, þ.e. að stefnandi hafi ekki hlotið áminningu áður. Ex tuto heldur stefndi því fram að áminningar hafi ekki verið þörf eins og á stóð.

Stefndi bendir á að af framlögðum dómsskjölum, sem varði rannsókn á máli stefnanda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi, megi ljóst vera að næg gögn hafi komið fram um alvarlegt misferli stefnanda í starfi. Stefnandi hafi verið grunaður um misferli með síma vinnuhælisins nr. 99-3105, en lás hafi verið settur á þann síma 30. júní 1980 þannig að símtöl til annarra staða en Stokkseyrar og Eyrarbakka hafi eftir það þurft að panta gegnum símstöðina á Selfossi sem hafi skráð öll símtöl og hver tali hverju sinni. Stefnandi hafi verið grunaður um að hafa talað símtöl framhjá lásnum og einnig að hafa fært stofnuninni til reiknings einkasímtöl sín sem hann hafi pantað gegnum símstöð. Hvort tveggja hafi verið rannsakað að hætti opinberra mála, og hafi rannsóknin um það atferli stefnanda að hafa talað framhjá lásnum með sérstökum tilfæringum leitt til þess að opinbert mál hafi verið höfðað gegn stefnanda fyrir brot gegn 139. gr. alm. hgl. Stefnandi hafi verið sakfelldur í sakadómi Árnassýslu en naumlega sýknaður af ákæruatriði í Hæstarétti vegna eindreginnar neitunar sinnar, fyrir áhrif þeirrar reglu opinbers réttarfars að sérhver vafi túlkist sakborningi í hag.

Stefndi leggi áherslu á, að í 7. gr. og 8. gr. laga nr. 38/1954 felist ekki að það sé skilyrði fyrir að víkja manni endanlega úr starfi, sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur, að hann verði fundinn sekur með dómi. Fullnaðardómur um sekt í refsímáli þurfi ekki að koma til, enda sé refsíðómur byggður á allt öðrum forsendum en þeim sem 7. og 8. gr. laganna geri ráð fyrir. Þess vegna standist ekki sá skilningur stefn-

anda að hann geti átt bótarétt skv. 11. gr. laganna vegna þess að hann hafi verið dæmdur sýkn í Hæstarétti. Gerólikar réttarreglur gildi um málsmeðferð í þessu máli og málsmeðferð í refsímalínu. Dómur Hæstaréttar í máli stefnanda hafi heldur ekki þau réttaráhrif í þessu máli að með honum sé sannað að grunsemdir stjórnvalda um að stefnandi hafi hringt fjölda langlínusamtala framhjá lásnum hafi ekki verið á nægum rökum reistar og brottvikning hans því óréttmæt.

Stefndi bendir á að ef skoðun stefnanda fengi staðist, þá myndi slíkt leiða til stórkostlegrar mismununar opinberra starfsmanna, sem vikið er úr starfi, í bótaréttarlegu tilliti. Þeir sem grunaðir væru um refsivert athæfi og ákærðir nytu þeirrar aðstöðu að ríkari kröfur væru gerðar til sönnunar fyrir háttsemi sem þeir væru bornir en þeir sem vikið væri úr starfi vegna háttsemi sem ekki er að lögum refsiverð. Sjóarmið stefnda sé að meta eigi sjálfstætt og skv. meginreglum einkamálalaga í málinu gögn sem færð hafa verið fram um að stefnandi hafi hringt framhjá lásnum og réttmæti þeirrar ákvörðunar stjórnvalda á grundvelli laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að víkja stefnanda að fullu úr stöðu fanga-  
varðar.

Stefnandi hafi gegnt stöðu varðstjóra í veikindaförföllum frá 1. nóvember 1980 uns honum var vikið úr starfi tímabundið hinn 14. apríl 1981. Undir verksvið hans hafi heyrt m.a. símavarsla á varðstofu á síma 99-3105, sem sá sími þjóni sem nokkurs konar skiptiborð í vinnuhælinu. Fangaverðirnir Rúnar Kristjánsson og Sigurjón Einarsson hafi borið vitni um að þeir hefðu orðið varir við að stefnandi hringdi sjálfur allnokkrum sinnum í 7 stafa númer úr símanum, en slíkt hafi ekki átt að vera unnt nema farið sé framhjá lásnum. Ennfremur að þeir hefðu oft tekið eftir því í febrúar og mars 1981 að ekki heyrðist bjölluhljóð í símanum þegar stefnandi hringdi en eftir að símanum var læst hafi slíkt bjölluhljóð heyrst þegar hringt var. Símvirki hafi vottað að auðvelt hafi verið að tengja framhjá símlásnum með því að losa tvær skrúfur í tengiboxi og setja línuna að lásnum við skrúfurnar. Í vottorði komi fram að þessar tvær skrúfur hafi auðsjáanlega verið hreyfðar meira en aðrar. Í vottorði um símlásinn komi fram að mjög auðvelt sé að brjóta lásinn upp og þá sé hægt „með smá fíkti að komast upp á lag með að sveifla hann og þá virkar hann eins og opin.“ Símlásinn og tengiboxið sé hvort tveggja staðsett undir símaborðinu sem varðstjóri situr við og hafi áðurgreind vitni bæði borið að þau hafi séð stefnanda bogra undir borðið allnokkrum sinnum þegar hann var að hringja. Í vitnaframburðum í málinu hafi og komið fram einróma álit allra að símnotkun stefnanda hafi verið geipimikil og mikið um persónuleg sím-töl hans. Þetta hafi stefnandi sjálfur viðurkennt hér fyrir dómi í máli þessu. Aukning á skrefanotkun á varðstofusímanum hafi orðið veruleg á þeim

tíma sem stefnandi var varðstjóri, 500 til 1400 skref á hverjum mánuði en skyndilega fækkun síðan þegar stefnandi vék úr starfi. Skýrslur um símnotkun stefnanda í eigin þágu sýni að hans símtölum í gegnum símstöð hafi fækkað stórlega og það stangist á við framburði um mikla símnotkun hans. Allt bendi þetta til að stefnandi hafi hringt langlínusamtöl framhjá símlásnum, og slíkt hafi verið ámælisvert og frávikning hans því lögmæt og réttmæt. Í því efni skipti engu þótt skilyrði til þess að sakfella stefnanda fyrir brot gegn 139. gr. alm. hgl. væru ekki uppfyllt að dómi Hæstaréttar.

#### *Niðurstaða:*

Stefnanda var ekki veitt áminning og ekki gefinn kostur á að bæta ráð sitt áður en honum var veitt lausn um stundarsakir frá varðstjórastarfi sínu vegna grunsemda um misferli með síma vinnuhælisins að Litla Hrauni. Hann hefur alla tíð þvertekið fyrir að hafa misfarið með símann á þann hátt sem hann var ákærður fyrir og dæmdur í sakadómi Árnassýslu. Gegn þessari eindregnu neitun stefnanda var í dómi Hæstaréttar talið varhugavert að telja sannað að hann hafi gerst sekur um atferli það sem honum var gefið að sök og var hann sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Eins og á stóð þegar yfirmönnum og stjórn vinnuhælisins var sagt frá gruni um atferli stefnanda og vegna eðlis verknaðarins og vegna neitunar stefnanda þegar í upphafi, var ekki ástæða til þess að veita honum áminningu.

Fallast ber á með stefnda að sýknudómur Hæstaréttar í sakamáli á hendur stefnanda hafi ekki þau réttaráhrif í þessu máli að sannað sé að grunur stjórnvalda um að stefnandi hafi misfarið með síma vinnuhælisins með því að hringja framhjá lásnum hafi ekki verið á nægum rökum reistar og að brottvikningin hafi af þeim sökum verið óréttmæt. Enda er ekki skilyrði í 7. og 8. gr. laga nr. 38/1954 fyrir að víkja manni endanlega úr starfi, sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur, að hann verði fundinn sekur fyrir dómi.

Einnig ber að fallast á með stefnda að þegar við lok lögreglurannsóknar hafi verið fram komin nægileg gögn um að stefnandi hafi talað framhjá símlásnum til þess að honum væri þá veitt lausn að fullu, þar sem rannsóknin benti til þess að stefnandi hafi framið verknað ekki eðlislega óskyldan þeim sem fangar afplánuðu dóma fyrir í fangelsinu. Ekkert kom síðar fram í dómsmálum, sem benti til annars. Verður því að telja frávikningu stefnanda að fullu úr stöðu fangavardar lögmæta og réttmæta, og að stefnandi eigi ekki bótarétt á hendur stefnda vegna hennar. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda en af öllum atvikum er rétt að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Inga Svavarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. nóvember 1986.

Nr. 162/1985. **Borgarverk h/f**

gegn

**skiptaráðandanum í Kópavogskaupstað**

**f.h. Þrotabúsins Mekors h/f**

Verksamningar.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1985. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 135.080,00 krónur með ársvöxtum þannig: 45% frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á., 37% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en síðan með mánaðarvöxtum þannig: 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá eim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði skiptaréttar Kópavogskaupstaðar 16. október 1985 var bú Mekors h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Tók skiptaráðandi við aðild málsins fyrir hönd félagsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.